

## 7. stjórnarfundur

### Forma 2012 – 2013

Dags. 18/4. 2013

Tími: kl. 16.30

Staður: Gamli skóli.

Mætt: Bryndís Arnarsdóttir, Eydís Valgarðsdóttir, Eyrún Skúladóttir, Guðný Gunnlaugsdóttir, Herdís Zophoníasdóttir, Sigrún Birna Sigtryggsdóttir og Vilhjálmur Kristjánsson

1. Gestur fundarins er Daníel Guðjónsson yfirlögregluþjónn. Til umræðu eru samskipti busa og böðla og hvernig megi takmarka og helst afnema þessa hefð sem skapast hefur innan og ekki síður utan skólans. Lögreglan hefur haft afskipti af partýum MA-inga í tveimur tilfellum í vetur og var það í kjölfar ábendinga frá foreldrum að þeir fóru á staðinn. Daníel segir þó að það sé frekar minnkandi vandamál en hitt að þeir þurfi að hafa afskipti af þessum partýum. Ástandið hafi ekki verið slæmt í þessum tveimur tilfellum þó vissulega hafi verið áfengisdrykkja.

Varðandi leigu á veislusölum í bænum og utan þá hefur lögreglan haft samband við salareigendur og gert þeim grein ábyrgð þeirra þegar ungmenni undir 20 ára aldri vilja leigja sali. Það hefur tvímælalaust haft áhrif þó svo ungmennin fari í kringum það með ýmsum hætti.

**Daníel tekur skýrt fram að ungmenni undir 18 ára aldri heyri undir barnaverndarlög og að það sé lögbrot að halda að þeim áfengi.** Hægt er að kæra þá sem gera slíkt. Allt of sjaldan reynir þó á það. Herdís segir að skólameistari tali til eldri nemenda á hverju ári en það virðist bara ekki skila sér. Þau taki það ekki alvarlega.

Vilhjálmur rifjar upp málefni síðasta fundar þegar Jón Már íaði að því að foreldrar væru verðir í partýum. Það gæti orðið flókið í framkvæmd. Daníel segir að það sem mestu máli skipti sér að koma í veg fyrir að eldri nemendur kenni hinum yngri slæma síði. Stjórnarmenn eru sammála um að best sé að reyna að stöðva þessi samskipti. Þess í stað þarf að efla og styrkja samskipti innan 1.bekkja. Sú hugmynd er viðruð að hafa bekkjarfundi með foreldrum strax á skólasetningu því þá eru margir foreldrar með börnum sínum á Akureyri. Þannig megi þjappa foreldrum saman. Einnig að láta í té netföng foreldra hvers bekkjar til að auðvelda samskipti.

**Stjórn FORMA er sammála því að afstaða okkar er gegn partýjum 1. og 4.árs nemenda, að það að veita 1. og 2. árs nemendum áfengi er lögbrot sem verði ekki liðið athugasemdalaust og fyrirbyggja verði að upp komi atvik þar sem gengið er á rétt einstaklings/einstaklinga með ósæmilegri hegðun eða kúgun.**

Önnur mál:

Eyrún gerði grein fyrir umræðum á nýliðnum skólanefndarfundi. Þar kom fram að fjárhagsstaða skólans er ekki góð. Búið er að skipa nýja skólanefnd. Nokkrar mannbreytingar verða innan kennarahóps skólans næsta vetur.

Ákveðið er að halda fund 2. maí til að undirbúa fund með nýkjörinni stjórn nemendafélagsins og leggja línurnar fyrir næsta vetur. Reynt verður að fá Jóni Má á fundinn til að samræma aðgerðir.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 18.00

Eydís Valgarðsdóttir fundaritari.